



## Áherslur ASÍ í menntámálum Febrúar 2018

Vinumarkaðurinn er stöðugt að breytast og samkeppni harðnar ríkja á milli um þekkingu, hæfni og nýsköpun í atvinnulífi og menntun. Á sama tíma gerir launafólk ríkari kröfur um tækifæri til menntunar og starfsþróunar. Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir eru sífellt að verða stærri og mikilvægt að vinna markvisst að samfélagi velmegunar og velferðar - samfélagi sem tryggir öllum góð lífsskjör og störf við hæfi.


Síðastliðinn áratug hafa bæði atvinnulíf og stjórnvöld sett fram markmið að auka aðsókn að starfsmenntun á Íslandi, draga út brotthvarfi og auka skilvirkni í starfsmenntun, en lítið hefur áunnist. Árið 2008 lýsti ríkistjórn í tengslum við kjarasamninga því yfir að stefnt væri að því að lækka hlutfall einstaklinga sem ekki hefðu lokið formlegu námi umfram skyldunám úr 30% niður í 10% árið 2020. Nú tíu árum síðar hefur hlutfallið aðeins lækkað og er nú á bilinu 20-25% og því ljóst að betur má ef duga skal. Til að þetta geti orðið að raunveruleika, þó aldrei fyrir 2020, þarf skilvirkni í menntakerfinu að aukast verulega, brotthvarf að minnka auk þess sem gera þarf stóráttak í að auka menntun þeirra sem nú starfa á vinnumarkaði og hafa að forminu til aðeins lokið grunnskólanámi.

### ASÍ leggur áherslu á:

- Framlög til framhaldsfræðslu fyrir þá sem minnsta formlega menntun hafa, aukist til samræmis við önnur skólastig.
- Fjármagna þarf og þróa heildstætt raunfærnimatskerfi sem tekur til allra skólastiga og vinnumarkaðar.
- Byggja brýr á milli formlega og óformlega hluta menntakerfisins.
- Gera reglulega mannafla- og færnisþár fyrir Ísland.
- Mótun hæfnistefnu með samræmdri langtímasýn skólakerfis, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Vinna áfram að þróun íslenska hæfnirammans.
- Koma á fagháskólanámi til að auka möguleika til framhaldsnáms í iðn-, verk-, og starfstengdum greinum.


### Framlög til menntamála

Á síðustu árum hafa framlög til þess hluta menntakerfisins sem snýr að þeim hópum sem minnsta menntun hafa dregist saman á sama tíma og framlög til framhaldsskóla og háskóla hafa aukist. Þannig hafa framlög til framhalds- og vinnumarkaðsfræðslu dregist saman um 9,5% að nafnvirði frá árinu 2013 á sama tíma og framlög til framhaldsskóla hafa aukist um ríflega 50% og til háskóla um 62%.



Sjá nánari sundurliðun í töflu í viðauka

Þessi þróun endurspeglar með engu móti þau markmið sem sett hafa verið um lækkun á hlutfalli einstaklinga sem ekki hafa lokið formlegu námi umfram skyldunám og þær áherslur sem settar voru fram í lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu um að auka aðgengi fólks með stutta skólagöngu að námi. Þetta eru þeir hópar sem standa hvað höllustum fæti á vinnumarkaði og verða fyrstir til að finna fyrir þeim öru tæknibreytingum sem nú eiga sér stað. Þannig þarf t.a.m. að auka fjármagn til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að gera henni kleift að sinna hlutverki sínu við að veita fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið prófi frá framhaldsskóla, rétt til raunfærnimats og tækifæri til frekari menntunar.



### Raunfærnimat

Raunfærnimat er mikilvægur þáttur framhaldsfræðslu þar sem raunfærni fólks er metin á mótí viðmiðum námsskráa eða starfa. Mikilvægt er að tryggd verði fjármagn til alls raunfærnimats framhaldsskólastigsins og áframhaldandi þróun raunfærnimats á mótí viðmiðum starfa. Þá er einnig mjög áriðandi að koma á heildstæðu raunfærnimatskerfi sem tekur til allra skólastiga. Raunfærnimat er liður í styttingu náms í formlega skólakerfinu, bættri stöðu á vinnumarkaði sem og almennri færniuppbyggingu. Öll þekking og hæfni er verðmæt, sama hvaðan hennar er aflað og með raunfærnimati fær fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína og þar með hækun launa. Þar með styrkist staða þess, fagstéttanna, fyrirtækjanna og þjóðarinnar almennt hvað varðar þekkingarstig og framþróun. Þá er viðurkenning á færni einnig leið að styttingu náms og er hvati til að ljúka formlegu námi.

### Þörf á menntunar- og færnigreiningu á vinnumarkaði

Undanfarin ár hefur ASÍ bent á nauðsyn þess að greina færniþörf á vinnumarkaði. Bæði samfélagið og vinnumarkaður standa frammi fyrir gífurlegum áskorunum á næstu áratugum þar sem örar tæknibreytingar kalla á að einstaklingar muni þurfa að afla sér aukinnar menntunar. Tryggja þarf að ekki myndist misræmi milli menntunar sem er í boði og þarfa atvinnulífsins. Slíkt misræmi felur í sér kostnað fyrir atvinnurekendur, starfsmenn og allt samfélagið og getur leitt til lægri launa, minni starfsánægju og minni framleiðslu í hagkerfinu. Skv. spám Cedefop er almennt gert ráð fyrir aukinni þörf fyrir starfsfólk með





háskólamenntun á evrópskum vinnumarkaði til 2020. Spurn eftir starfsfólki með menntun á framhaldsskólastigi mun halda áfram að aukast eins og verið hefur á síðustu áratugum. Mörg störf munu krefjast sérhæfðrar framhaldsskólamenntunar, sérstaklega þeirrar verkmenntunar sem byggir á iðnaðar- og tækniþekkingu. Þörf fyrir starfsfólk eingöngu með grunnmenntun, þ.e. menntun sem hér er veitt í grunnskóla mun hins vegar halda áfram að minnka. Þá þarf að kortleggja nánar þörf á endurmenntun þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði en flest bendir til þess að mikilvægi slíkrar fræðslu og menntunar fari vaxandi í náninni framtíð. Mikilvægt er að færni- og mannaflaþörf á vinnumarkaði verði greind og menntakerfið taki mið af þeim niðurstöðum.

Að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins vinnur starfshópur að tillögum um mannafla- og færnisþátt fyrir Ísland. Ísland stendur aftarlega í langtíma kortlagningu á menntunar- og færniþörf á vinnumarkaði og lítil áhersla er lögð á að meta horfur í atvinnu- og byggðamálum. Mikilvægt er að stuðla að heilbrigðu flæði á vinnumarkaði og draga úr kerfisbundnu atvinnuleysi. Þær eru ennfremur grundvöllur fyrir lengri tíma stefnumótun í atvinnu-, byggða- og menntamálum. Borið saman við nágrannalönd skortir verulega á upplýsingagjöf til einstaklinga í atvinnuleit, við námsval og til stefnumótunar bæði til skamms og langs tíma. Slíkar upplýsingar verða enn mikilvægari sé horft til áskorana fjórðu iðnbyltingarinnar. Aukin samkeppni og aðlögun atvinnulífs er þegar farin að hafa áhrif og lítil kortlagning á sér stað hvaða störf gætu horfið og hvar ný störf gætu orðið til.

### Hæfnistefna

Til að við getum aðlagast og notið góðs af þeim hröðu breytingum á vinnumarkaði sem blasa við þá er áriðandi að móta hæfnistefnu sem byggir á heildrænni sýn. Tryggja þarf að þjóðfélagið búi yfir góðri hæfni, hafi gott menntakerfi, sem er í senn fjölbreytt og sveigjanlegt og aðgengi allra sé tryggt. Móta þarf aðgerðir/stefnu sem allir koma að (skólakerfið, atvinnulífið og stjórnvöld) þar sem sameiginlegur skilningur á gagnsemi hæfnistefnu verði tryggður og allir aðilar skuldbindi sig til að ná þeim markmiðum sem settar verða fram. Mikilvægt er að jafnvægi ríki á milli framboðs og eftirspurnar hæfs vinnuafns sem leiðir til hæfari og virkari vinnumarkaðar.

### Hæfniramminn

Hæfniramminn skapar skilyrði og hvetur til nýsköpunar og nýrrar hugsunar við uppbyggingu og skipulag náms og þeirrar færni sem því er ætlað að veita. Hann getur stuðlað að gagnsæi almennt, gefur einstaklingum möguleika á að sjá stöðu sína og starfsþróunarmöguleika og möguleika til náms. Hann getur einnig gert vinnu starfsmanna innan menntakerfisins markvissari og auðveldað fyrirtækjum að meta og bera saman hæfni umsækjenda og starfsmanna.

Allt nám að loknum grunnskóla er skilgreint í námsskrám sem hæfni er nemandinn öðlast og námsgreinar og námsbrautir raðast á mismunandi hæfniþrep. Hæfniþrepin skapa nýjar forsendur til að tryggja samfellu í námi nemenda á ólíkum skólastigum og í framhaldsfræðslu og er ætlað að tryggja stíganganda í náminu og viðurkenningu. Hæfniþrepin tengjast ekki tilteknu skólastigi, fræðsluaðila eða fræðsluformi, heldur gefa þau



vísbendingu um viðfangsefni og námskröfur óháð því hvar nám hefur farið fram. Með hæfniramma er inntakið í náminu metið að jöfnu, hvort sem það er stundað innan eða utan hins formlega skólakerfis sem ætti að gera flutning nemenda milli skólastiga og námsleiða markvissari og greiðari. Hæfniramminn á að endurspeglar allt nám og skapa þarf grundvöll til að meta starfsnám og bóknám sem jafngilt nám.

Í október 2016 var undirrituð viljayfirlýsing þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra ásamt aðilum vinnumarkaðar, varðandi innleiðingu íslensks hæfniramma. Þar var sérstök áhersla lögð á að þróaðar yrðu aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniprep rammans og sú ábyrgð lægi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þá var jafnframt lögð áhersla á áframhaldandi samstarf undirritaðra í þeirri vinnu með skipun samstarfsnefndar. Sú nefnd hefur ekki verið skipuð enn, en mikilvægt að sú vinna hefjist sem fyrst. Markmiðið er að hæfniramminn nýtist til að gera menntakerfi landsins gegnsærra, óformlega menntun sýnilegri og hann sé hvati fyrir einstaklinga til að auka hæfni sína til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag. Í lögum um framhaldsfræðslu er horft á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins. Samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er evrópski hæfniramminn (EQF) settur fram í því skyni að stuðla að hreyfanleika milli landa og hreyfanleika á vinnumarkaði, en einnig til að stuðla að og styðja við ævimenntun. Ef hæfniramminn á að ná til alls menntakerfisins eins og markmiðið vísar til þurfa sjónarmið og hagsmunir allra skólastiga að vera tekin til greina við nánari þróun þess ramma sem nú liggur fyrir.

### Fagháskóli

Auka þarf vægi starfsnáms í íslensku menntakerfi með áherslu á fjölbreytni í námsframboði og því mikilvægt að þróa nýjar námsleiðir. Lítið framboð hefur verið af námi fyrir þá sem vilja sækja sér frekari iðn- eða verkmenntun að loknu framhaldsskólanámi. Einkum hefur staðið til boða að bæta við sig námi til stúdentsprófs og hefja hefðbundið háskólanám í kjölfarið. Áriðandi er hins vegar að þeim sem lokið hafa starfsnámi á framhaldsskólastigi gefist kostur á frekara námi í beinu framhaldi af því með áherslu á aukna faglega þekkingu og sérhæfingu. Með stofnun fagháskóla væri komið betur til móts við þær kröfur.

Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess hafa um árábil lagt áherslu á að boðið verði upp á hagnýtt verk- og tækninám á háskólastigi, fagháskólanám. Í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 2015 fékkst yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar um „að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds og háskólakerfinu. Í framhaldi af því var skipaður verkefnahópur af mennta- og menningarmálaráðherra til að undirbúa fagháskólanám á Íslandi. Verkefnahópurinn skilaði skýrslu til mennta- og menningarmálaráðherra í september 2016, með vel útfærðum tillögum. Mikilvægt er að þeim verði fylgt eftir.

Þann mikla áhuga sem Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa lengi sýnt fagháskólanámi má rekja til þeirrar skoðunar samtakanna að það skorti verulega á





menntunarúrræði á háskólastigi, þar sem áhersla er einkum lögð á hagnýta verk- og tæknimenntun og aðra starfsmenntun fyrir atvinnulífið og þá einstaklinga sem þar starfa. Um leið verði opnaðar greiðar leiðir til áframhaldandi náms fyrir þá einstaklinga sem velja verk- og starfsnám af ýmsu tagið á framhaldsskólastigi til að sækja sér í framhaldinu frekari menntun ef og þegar áhugi og hvati er til þess og byggja þá á því námi sem þegar er lokið. Slíkt sé í reynd nauðsynleg forsenda þess að hægt verði að tala um jafngildi verk- og starfsnáms og bóknáms, þótt fleira þurfi einnig að koma til.

Markmið fagháskólanáms er að auka fjölbreytni í háskólanámi, að bregðast við síbreytilegum atvinnumarkaði, að skapa aukin tækifæri fyrir fólk á vinnumarkaði að auka hæfni sína, að bæta möguleika nemenda á að finna sér starf að loknu námi og stuðla að nýsköpun með hagsmuni nemenda og samfélags að leiðarljósi.

### **Að lokum**

Framhaldsfræðsla á vettvangi atvinnulífsins hefur vaxið fiskur um hrygg og er nú margháttuð og umfangsmikil. Mikilvægt er að huga að heildarmyndinni og að ekki verði litið á nám í formlega kerfinu og fullorðinsfræðslunni sem tvö aðskilin og ósamræmanleg kerfi. Skoða þarf samspil allra þátta og móta hæfnistefnu fyrir íslenskt samfélag í samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.



## Viðauki

Samanburður á framlög til framhaldsskóla, háskóla og framhalds- og vinnumarkaðsfræðslu 2013-2018							
milljónir króna	Reikningur 2013	Reikningur 2014	Reikningur 2015	Reikningur 2016	Fjárlög 2017	Fjárlög 2018	Breyting frá 2013
<b>Framhaldsskólar - samtals</b>	<b>19.782,10</b>	<b>20.638,30</b>	<b>25.683,70</b>	<b>26.744,80</b>	<b>28.889,00</b>	<b>29.922,00</b>	<b>51,3%</b>
<b>Háskólar og rannsóknir - samtals</b>	<b>22.388,30</b>	<b>23.641,20</b>	<b>28.811,00</b>	<b>31.593,80</b>	<b>33.926,40</b>	<b>36.368,90</b>	<b>62,4%</b>
<b>Framhalds- og vinnumarkaðsfræðsla</b>							
Þróunarstjóður fyrir starfsnám	224,4	200,6	0	0	0	0	
Vinnustaðanámsstjóður	141,6	187,9	145,2	255,2	245	242,6	71,3%
Nám á framhaldsstigi v. aðstæðna á vinnumarkað	37,4	36	0	0	0	0	
Framhaldsfræðsla*	1.503	1.329	1.362	1.497	1.485	1.483	-1,3%
<b>Framhalds- og vinnumarkaðsfræðsla - samtals</b>	<b>1.906</b>	<b>1.753</b>	<b>1.507</b>	<b>1.752</b>	<b>1.730</b>	<b>1.726</b>	<b>-9,5%</b>

\* Undir framhaldsfræðslu falla Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, símenntunarmiðstöðvar og Fræðslustjóður

Framhaldsfræðsla sundurliðun							
milljónir króna	Reikningur 2013	Reikningur 2014	Reikningur 2015	Reikningur 2016	Fjárlög 2017	Fjárlög 2018	Breyting frá 2013
Fræðslustjóður	979,5	770,6	769,5	786,4	794,3	795,5	-18,8%
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	122,6	126,3	127,5	129,7	131,0	131,2	7,0%
Símenntamiðstöðvar o.fl.	400,4	431,6	464,6	581,0	559,9	556,4	39,0%
<b>Framhaldsfræðsla samtals</b>	<b>1.503</b>	<b>1.329</b>	<b>1.362</b>	<b>1.497</b>	<b>1.485</b>	<b>1.483</b>	<b>-1,3%</b>